

Gjafsóknarkostnaður ákveðst kr. 420.000.- og greiðist úr ríkissjóði, þar með talin laun skipaðs talsmanns sóknaraðilja, Guðmundar Ingva Sigurðssonar hrl., kr. 350.000.-

Gjafvarnarkostnaður ákveðst kr. 379.000.- og greiðist úr ríkissjóði, þar með talin laun skipaðs talsmanns varnaraðilja, Inga Ingimundarsonar hrl., kr. 350.000.-

Mánudaginn 9. júlí 1984.

Nr.130/1984. **Ákærvaldið**

gegn

Marteini Kristjáni Einarssyni

Kærumál. Gæsluvarðhald.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Ármann Snævarr, Halldór Þorbjörnsson og Sigurgeir Jónsson.

Varnaraðili hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 4. þ.m., er barst Hæstarétti 5. þ.m., og krafist þess, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi og að sér verði dæmdur kærumálskostnaður. Af hálfu ákærvalds er krafist staðfestingar úrskurðarins.

Samkvæmt þeim gögnum, sem fyrir liggja um varnaraðilja, sem ákærður hefur verið fyrir mörg alvarleg brot og á langan brotaferil að baki, verður að telja verulega hættu á, að hann muni halda áfram brotum, ef hann verður nú látinn laus. Ber því samkvæmt 5. tl. 2. mgr. 67. gr. laga nr. 74/1974 að staðfesta niðurstöðu hins kærða úrskurðar.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

Úrskurður sakadóms Reykjavíkur 4. júlí 1984.

Ár 1984, miðvikudaginn 4. júlí, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Jóni A. Ólafssyni sakadómara, kveðinn upp úrskurður þessi.

21. f.m. gaf ríkissaksóknari út ákæru á hendur Marteini Kristjáni Einarssyni, sjómanni, Vesturgötu 161 á Akranesi, fæddum 31. október 1952 á Akranesi, vegna brota á 4. mgr. 220. gr., 233. gr., 244. gr. og 1. mgr., sbr. 2. mgr. 259. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940. Málið var þingfest í dag.

Tildrögin að útgáfu ákærunnar voru eftirfarandi:

Um miðnættið 3. maí sl. var tekin haglabýssa og skotfæri ófrjálsri hendi úr báti við Grandagarð. Ákærði fór í bátinn ásamt tveim mönnum, og hefur hann borið, að annar samferðamannanna hafi tekið byssuna úr bátnum og farið með hana í hús við Vesturgötu, þar sem þremmenningarnir sváfu næstu nótt.

Að kvöldi 4. maí fór ákærði með byssuna um götur í Vesturbænum, beindi henni hlaðinni að vegfarendum, hleypti skotum úr henni að allmörgum akandi og gangandi vegfarendum og síðan að lögreglumönnum, sem kvaddir voru á vettvang, og ennfremur á mannlausar bifreiðar. Ákærði fór síðan um borð í bát í Skipasmíðastöð Daniels Þorsteinssonar og Co. h.f., Nýlendugötu, og skaut þaðan að lögreglumönnum og fleirum. Vegfarendur urðu fyrir höglum úr byssunni án þess þó að hljóta teljandi meiðsl af, en nokkurt eignatjón varð.

Ákærði hefur borið við minnisleysi um upphaf ferða sinna með byssuna um kvöldið, en kannast við að hafa skotið mörgum skotum úr bátnum í skipasmíðastöðinni og ekki látið af því fyrr en lögreglumenn beindu að honum skotvopnum. Ákærði kvaðst hafa verið undir áhrifum áfengis og lyfja, er þetta gerðist. Alkóhólmagn í blóðsýni, sem ákærða var tekið reyndist 2.66‰.

Högni Óskarsson, geðlæknir, segir í niðurstöðum sínum um geðrannsókn á ákærða, að áfengis- og vímogjafaneysla hans hafi verið á hættulegu stigi í mörg ár og mikil líkindi séu til, að ofneysla hans á vímogjöfum haldi áfram, strax og hann losni úr gæsluvarðhaldi, ef ekki verða gerðar viðeigandi ráðstafanir. Þá kemur einnig fram, að ákærði hafi lengi fundið til mikillar reiði gegn þjóðfélaginu og ýmsum einstaklingum þess, sem geti gjarnan brotist út undir áhrifum áfengis og lyfja. Enn segir í skýrslunni, að ákærði hafi sagt, að hann hafi verið lagður 23 sinnum inn á meðferðarstofnanir vegna vímogjafaneyslu, en hann telji nú, að slíkar stofnanir geti ekki hjálpað sér.

Með úrskurði frá 6. maí sl. var ákærða gert að sæta gæsluvarðhaldi til 20. f.m., og þann dag var það framlengt til kl. 17.00 í dag.

Ríkissaksóknari hefur krafist þess, að gæsluvarðhaldið verði framlengt til miðvikudagsins 1. ágúst n.k., kl. 17.00. Krafan er studd með tilvísun í refsíákvæði í ákæru, 1., 5. og 6. tl. 67. gr. laga nr. 74, 1974 og þeim rökum, að óvarlegt sé með hliðsjón af eðli þeirra brota, sem ákærði er sakaður um, að hann verði látinn laus. Ákærði hefur mótmælt kröfunni sem þarflausri.

Brot þau, sem ákærði er sakaður um í ákæru, eru mjög alvarlegs eðlis og sýna, að hann geti verið stórhættulegur umhverfi sínu. Þykir því rétt með hliðsjón af framansögðum málsatvikum, lagagreinum sem vitnað er til í ákæru, og 1., 5. og 6. tl. 67. gr. laga nr. 74, 1974, óhjákvæmilegt að taka kröfu ríkissaksóknara til greina og ákveða, að ákærði skuli sæta gæsluvarðhaldi allt til miðvikudagsins 1. ágúst n.k., kl. 17.00.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Ákærði, Marteinn Kristján Einarsson, sæti gæsluvarðhaldi til miðvikudagsins 1. ágúst 1984, kl. 17.00.

Þriðjudaginn 10. júlí 1984.

Nr. 62/1981. **Kristín Anný Jónsdóttir og**

Hagtrygging h/f

(Hjörtur Torfason hrl.)

gegn

Antoníu Margréti Björnsdóttur

og gagnsök

(Jón Hjaltason hrl.)

Skaðabótamál. Bifreiðaárekstur. Líkamstjón. Örorka.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Ármann Snævarr, Björn Sveinbjörnsson, Halldór Þorbjörnsson, Magnús Thoroddsen, Magnús Þ. Torfason og Sigurgeir Jónsson, og er málið dæmt af sjö dómendum samkvæmt heimild í lögum nr. 75/1975, 1. mgr. 2. gr. a, sbr. lög nr. 29/1979, 2. gr.